

46.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 13.mars 2014 og hófst kl. 20.00.

Mætt: Sigurjón, Ása, Kári, Sturla og Gry.

Þetta gerðist:

1) Fundargerðir síðustu tveggja funda samþykktar

2) Mótamál.

Farið var yfir mót sem framundan eru og mót sem hafa verið haldin á árinu og reynsla og árangur tekin saman. Stjórnin þakkar mótshöldurum og fagnar góðum árangri keppenda.

Nokkra lausa enda þarf að hnýta.

Á ÍM í Njarðvíkum kom upp mjög óæskilegt atvik sem varðar hlutgengi í keppni og starfi kraftlyftingafélaga. Stjórnin harmar þetta og vil tryggja að slíkt endurtaki sig ekki.

Stjórnin ítrekar að f.o.m. 2015 verða sett lágmark á opna íslandsmeistaramótið í kraftlyftingum.

Það verður opið mót, ekki aldursskipt. Beint til mótanefndar að setja ÍM í aldursflokkum á mótaskrá 2015.

Framkvæmd: **Kári** innheimtir ógreiddan styrk og athugar með endurgreiðslu á farmiða vegna RIG og gistingu vegna NM. **Sigurjón** og **Gry** sjá til að reglur um hlutgengi og óhlutgengi verða ítrekaðar og skýrðar á kraft.is. **Kári** reiknar lágmark á ÍM sem fyrst. **Gry** hefur samband við mótanefnd.

3) Mótareglur.

Orðalag í reglugerð um mótahald er víða óljóst.

Framkvæmd: **Ása** fer yfir textann og gerir tillögur til úrbóta.

4) Landsliðsmál / styrkir

Fundur er fyrirhugaður í landsliðsnefnd, en unnið er í samningum o.a. til að skýra ábyrgð manna.

Ákveðið var að fela **Kára** og **Sigurjóni** að ganga frá samningi við landsliðsþjálfara um kjör. Þeim var líka falið að skoða hvernig sambandið getur styrkt keppendur á HM unglunga í klassískum kraftlyftingum í Suður-Afríku.

5) Önnur mál

Beiðni hefur borist frá Lani Yamamoto um leyfi til að taka þátt í North American Regional Championships 2014 sem gestakeppenda. Leyfi veitt.

Framkvæmd: **Gry** gengur frá formsatriðum.

Sigurjón upplýsti að búið er að veita KRAFT ríkisstyrk 2014 að upphæð 2.700.000 krónum.

Norðurlandsmót KFA er á mótaskrá KRAFT en engar upplýsingar hafa borist og skráningarfrestur miðað við opið mót er liðinn.

Framkvæmd: **Sigurjón** ræðir við KFA.

Næsti fundur 3.apríl kl. 20.00

Fundi slitið kl. 22.00

Fundarritari: Gry Ek